




Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.12.2021

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Á síðasta ári var ávöxtun í flestum eignaflokkum betri en væntingar gerðu ráð fyrir í upphafi ársins. Í skjóli lágs vaxtastigs og stuðningsaðgerða ríkisstjórna víða um heim stóðust hagkerfi heimsins skert ferðafrelsi og samkomutakmarkanir. Það má meðal annars rekja til breyttrar neysluhæðunar en eftirspurn eftir vörum jókst verulega. Ísland var ekkert frábrugðið en innlend eftirspurn leiddi hagvöxt ársins. Ferðasumarið var einnig mjög gott, bæði Íslendingar að ferðast um landið en einnig auknar komur erlendra ferðamanna sem bæði dvöldu lengur og eyddu hærri fjárhæðum en oft áður.

Áfram voru það hlutabréf, bæði innlend og erlend, sem drifu áfram ávöxtun fjórðungsins. Verðbólga hefur reynst þrálát á tímabilinu en þar hafa verðhækkunir á fasteignum verið stór þáttur. Seðlabankinn hefur haldið áfram vaxtahækkunum, sem hófust í maí, sem tilraun til að slá á hækkunir á fasteignamarkaði. Áfram eru líkur á því að þróun efnahagsmála hér á landi muni litast af stöðu farsóttar á næstu mánuðum því þrátt fyrir góðan árangur í bólusetningum hér á landi eru mörg önnur lönd komin skemur á veg.